

Uppbygging samræmnds lokaprófs í íslensku í grunnskóla

Skýrsla vinnuhóps

Desember 1999

Björn Bjarnason

menntamálaráðherra

Hér með skilar vinnuhópur á vegum menntamálaráðuneytisins af sér skýrslu um uppbyggingu samræmnds prófs í íslensku í 10. bekk. Vinnuhópurinn hefur komið sér saman um nokkrar megintillögur um framtíðarskipan þeirra mála í ljósi nýrrar skólastefnu og aðalnámskrár grunnskóla.

Reykjavík 30. desember 1999

Guðni Olgeirsson, menntamálaráðuneytinu, formaður vinnuhópsins

Amalía Björnsdóttir, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála

Sigurður Konráðsson, Kennaraháskóla Íslands

Þórdís S. Mósesdóttir, Samtökum móðurmálskennara

Samantekt á megentillögum hópsins

Megintillögur vinnuhópsins um uppbyggingu samræmds lokaprófs í íslensku í 10. bekk grunnskóla.

1. Samræmt próf í íslensku skal taka mið af markmiðum aðalnámskrár grunnskóla frá 1999 eftir því sem framast er unnt.

2. Ekki verði prófað úr lesnum bókmenntum á samræmdu lokaprófi í íslensku. Þess í stað verði lestur og lesskilningur prófaður á samræmdum prófum með fjölbreyttum verkefnum sem byggjast á margs konar efniviði, m.a. stuttum ólesnum bókmenntatextum. Námsgagnastofnun verði falið að leita tilboða hjá útgáfufyrirtækjum á hentugum skólaútgáfum af bókmenntaverkum til að auka framboð á bókmenntaefni sem nýta má til kennslu og skólaprófa á grunnskólastigi.

3. Samræmda prófið byggi einkum á viðfangsefnum út frá margvíslegum textum. Megináhersla verði á að meta almenna þekkingu og færni nemenda í ýmsum þáttum íslensku og að þeir beiti kunnáttu sinni í málfræði og stafsetningu.

4. Ákveðinn sveigjanleiki verði í uppbyggingu samræmda prófsins milli ára.

5. Samræmda prófið byggist á fjölbreyttum tegundum spurninga, t.d. fjölvalsspurningum, rétt-rangt spurningum, ritunarverkefnum og verkefnum sem reyna á málnotkun.

6 Hjálpargögn verði ekki leyfð í samræmda prófinu en aukin áhersla verði lögð á verkefni sem byggjast á notkun ýmissa gagna, t.d. orðabóka og verkefni þar sem reynir á hæfni til að túlka upplýsingar af ýmsu tagi.

1. Inngangur

Menntamálaráðuneytið skipaði 2. október 1998 vinnuhóp um uppbyggingu samræmds lokaprófs í íslensku í grunnskóla. Hlutverk hópsins var að fjalla um og koma með ákveðnar tillögur um uppbyggingu samræmds lokaprófs í íslensku, m.a. með hliðsjón af nýrri skólastefnu og skýrslu forvinnuhóps á námssviði móðurmáls um markmið móðurmálskennslu í grunn- og framhaldsskólum. Hópnum var einnig falið að gaumgæfa þá gagnrýni sem fram hefur komið á samræmd próf í íslensku á undanförunum árum og meta hvort eða með hvaða hætti skynsamlegast væri að bregðast við þeim athugasemdum og ábendingum. Hópnum var einnig falið að skoða öll gögn um samræmda prófið í íslensku 1998 og eldri próf til samanburðar og afla einnig upplýsinga um sambærileg próf í öðrum löndum.

Eftirtaldir einstaklingar voru skipaðir í vinnuhópinn:

Amalía Björnsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála

Guðni Olgeirsson menntamálaráðuneytinu, formaður hópsins

Sigurður Konráðsson, fulltrúi Kennaraháskóla Íslands

Þórdís S. Mósesdóttir, fulltrúi Samtaka móðurmálskennara

Vinnuhópurinn hefur haldið samtals 9 formlega vinnufundi þar sem rætt var ítarlega um uppbyggingu samræmda prófsins í íslensku og farið yfir ýmis gögn frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, m.a. niðurstöður könnunar meðal íslenskukennara um prófið 1998. Einnig var farið yfir ýmis stefnumótandi gögn frá menntamálaráðuneytinu og greinaskrif um samræmdu prófin. Hópurinn átti þess kost að fylgjast með vinnu við endurskoðun á aðalnámskrá í íslensku bæði fyrir grunn- og framhaldsskóla á ýmsum stigum allt til útgáfu 1999. Einnig var aðalnámskráin ítarlega skoðuð, einkum markmiðssetning, eftir að hún kom út í mars 1999. Hópurinn tók einnig þátt í málþingi 6. mars um samræmd próf sem haldið var af Fræðslumiðstöð Reykjavíkur í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Loks kynnti hópurinn sér vel samræmdu prófin í Noregi og Danmörku og fjallaði um þau auk prófa frá nokkrum öðrum löndum. Umtalsverð vinna var milli funda við lestur gagna og undirbúning tillagna sem voru síðan ræddar á fundum í hópnum.

Hópurinn hafði í stórum dráttum um tvær leiðir að velja, annars vegar að leggja til minniháttar lagfæringar á prófunum í ljósi beinnar gagnrýni á einstaka framkvæmdaþætti og hins vegar að leggja til verulega uppstokkun á prófinu, m.a. í ljósi nýrrar aðalnámskrár og áherslu á að íslenskukennslan sé sem heildstæðust. Hópurinn leggur til ýmsar breytingar á prófunum í ljósi nýrrar aðalnámskrár en telur brýnt að nýta það sem vel hefur tekist við framkvæmd prófanna á undanförunum árum og byggja á þeim grunni.

Hópurinn ræddi t.d. ýmsar hugmyndir að prófafyrirkomulagi, vægi prófatriða, tegundir spurninga, kröfur aðalnámskrár, stýringargildi prófanna á nám og kennslu, réttmæti og áreiðanleika.

Skýrslunni er skipt í tvo kafla, annars vegar almenna greinargerð um samræmd próf í grunnskólum og hins vegar tillögur um uppbyggingu samræmds lokaprófs í íslensku í ljósi nýrrar aðalnámskrár grunnskóla og umræðna í vinnuhópnum.

2. Um samræmd próf

Ekki er ástæða til í þessari greinargerð að fjalla um sögu samræmdra prófa hér á landi eða markmið með samræmdum prófum. Hins vegar er rétt að benda á að samræmd próf hafa alltaf verið umdeild og framkvæmd þeirra er ákaflega vandasöm og viðkvæm. Deilt hefur t.d. verið um gildi samræmdra prófa, markmið með þeim, uppbyggingu, inntak, framkvæmd, birtingu niðurstaðna og áhrif á kennslu og námsmat í skólum.

Samkvæmt 46. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 skulu samræmd próf í kjarnagreinum lögð fyrir samtímis í öllum 4. og 7. bekkjum grunnskóla. Aðalnámskrá grunnskóla skilgreinir íslensku og stærðfræði sem kjarnagreinar. Við lok grunnskóla skal leggja fyrir samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum greinum sem menntamálaráðherra ákveður. Nánari ákvæði um samræmdu prófin koma fram í reglugerð um framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra prófa í grunnskólum nr. 516/1996.

Ýmsar breytingar hafi orðið á framkvæmd og fyrirkomulagi samræmdra lokaprófa í grunnskóla frá 1977 þegar fyrsta samræmda prófið var lagt fyrir í kjölfar grunnskólalaga frá 1974. Ávallt hefur þó verið prófað í íslensku en ýmsar breytingar hafa orðið á prófunum á þessum tíma sem ekki verða raktar hér í smáatriðum.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur annast framkvæmd samræmdu prófanna frá 1992, en áður höfðu prófin verið samin og lögð fyrir af menntamálaráðuneytinu. Sérstakur verksamningur var gerður milli ráðuneytisins og Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála 1997 um samningu, framkvæmd og úrvinnslu samræmdra prófa.

Eftir að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála (RUM) tók við framkvæmd samræmdra prófa hefur ráðuneytið einungis ákvarðað prófgreinar í 10. bekk, dagsetningu prófanna og lesnar bókmenntir í íslensku. Að öðru leyti hefur uppbygging og inntak samræmdu prófanna verið alfarið í höndum RUM. Stofnunin hefur sent skólum árlega bréf um uppbyggingu á samræmdum prófum í 10. bekk og hefur slíkt bréf verið allnákvæmt í íslensku.

Meginhlutverk námsmats skv. 44. gr. grunnskólalaga (66/1995) er „örvun nemenda og námshjálpi“. Samkvæmt því eiga samræmdu prófin að hvetja nemendur og vera leiðbeinandi fyrir þá, kennara og foreldra og gefa skólanum tækifæri til að sinna því meginhlutverki sínu betur en ella að gefa hverjum nemanda kost á námi við hæfi (sbr. 2. og 29. gr. sömu laga).

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum er tilgangur samræmdra lokaprófa í 10. bekk að

1. athuga eftir því sem kostur er, hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein hafi verið náð
2. vera leiðbeining um inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir framhaldsskóla
3. veita nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda
4. veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.

Í 6. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að samræmd próf skulu vera markmiðsbundin eftir því sem aðalnámskrá gerir kleift. Jafnframt skulu þau vera áreiðanleg og réttmæt. Mat úrlausna á samræmdum prófum skal vera hlutlægt.

Forvinnuhópur á námssviði móðurmáls í grunn- og framhaldsskólum í tengslum við endurskoðun aðalnámskrár skilaði skýrslu 1997 og gagnrýndi samræmda lokaprófið í íslensku í 10. bekk. Í skýrslu forvinnuhópsins segir orðrétt bls. 12:

„Þær raddir heyrast mjög oft meðal kennara og skólastjórnenda að framkvæmd samræmdra prófa undanfarin ár hafi beinlínis unnið gegn markmiðum námskrár. Ástæðan er sú ofuráhersla sem hefur verið lögð á að prófa atriði sem einfalt er að „mæla“ eða „telja út“ með einhverjum hætti. Þetta hentar sérstaklega illa í móðurmáli, þar sem námskráin leggur áherslu á þjálfun í málnotkun í ræðu og riti, sjálfstæð vinnubrögð, færni í að notfæra sér hugtök úr bókmenntafræði og málfræði við skoðun texta, vald á ólíkum málsniðum og ritun ólíkra texta. Íslenskuprófið hefur aftur á móti þróast yfir í krossapróf þar sem nemendur fá ekki nægileg tækifæri til að sýna hæfni sína í málnotkun, skilning á textum og færni í því að nota hugtök úr málfræði og bókmenntafræði. Þetta er sérstaklega óheppilegt í sumum bókmenntaspurningunum þar sem mikil áhersla virðist lögð á ættfræði og vensl sögupersóna í fornsögum, atriði sem litlu máli skipta í sjálfu sér og sýna ekkert um skilning nemenda á því lefni sem var á dagskrá né færni þeirra til að fást við nýja texta og njóta þeirra. Í þessu sambandi skiptir ekki höfuðmáli þótt smáatriðapróf af því tagi sem stundum hafa tíðkast geti haft nokkurt forspárgildi um gengi nemenda í framhaldsskóla. Þeir sem eru góðir og kappsamir námsmenn geta lært hvað sem er (t.d. svör við spurningum í spilinu Trivial Pursuit) og þess vegna er hægt að fá nokkra hugmynd um það hverjir eru „góðir námsmenn“ og hverjir ekki með því að prófa þá í einhverju allt öðru en því sem er á dagskrá í grunnskólanum. En það er ekki meginhlutverk samræmdra prófa í grunnskóla. Þau verða að vera í samræmi við markmið námskrár. Annars vinna þau gegn henni. Þau gera það óhjákvæmilega ef spurningarnar eru fyrst og fremst miðaðar við það að auðvelt sé að fara yfir prófið og meta það á „hlutlægan“ hátt. Huglægt mat, t.d. á ritsmíðum nemenda, textaskilningi, greiningu á texta o.s.frv., getur auðvitað verið nokkuð misjafnt eftir einstaklingum. En það er algjört aukaatriði hjá þeirri meginkröfu að prófið miðist við markmið námskrárinnar og þær áherslur sem ber að leggja í skólastarfi samkvæmt henni og kanni hvort þeim markmiðum hefur verið sinnt og að hvaða marki nemandinn hefur náð þeim.“

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla í íslensku frá mars 1999 á námsmat í íslensku að vera í samræmi við markmið námsins, það þarf að vera fjölbreytt og taka til þekkingar-, skilnings- og færnimarkmiða námskrárinnar. Námsmatið á einnig að vera í samræmi við áfanga- og þrepamarkmið námskrárinnar. Það á að vera hvetjandi fyrir nemanda, greinandi fyrir kennara og upplýsandi fyrir foreldra og nemendur.

Vinnuhópurinn bendir loks á að fyrirhugað er að samræmd próf við lok grunnskóla verði valfrjáls fyrir nemendur frá 2001 í ljósi nýsamþykktra breytinga á grunnskólalögum. Samræmdu prófin árið 2000 eru því þau síðustu sem haldin verða með núverandi fyrirkomulagi að allir nemendur eru skyldaðir til að taka þau. Einnig verða

sérstök inntökuskilyrði í framhaldsskóla tekin upp haustið 2001 í kjölfar nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla.

Vinnuhópurinn tekur fram að verði tekin ákvörðun um að breyta íslenskuprófinu í ljósi tillagna hópsins þarf að endurskoða verksamning við framkvæmdaaðila, en sumar breytinganna gætu leitt til aukins kostnaðar við samningu og mat á prófverkefnum.

3. Megin tillögur vinnuhópsins um uppbyggingu samræmds lokaprófs í íslensku í 10. bekk

3.1 Samræmt próf í íslensku skal taka mið af markmiðum aðalnámskrár grunnskóla frá 1999 eftir því sem framast er unnt.

Hópurinn leggur mikla áherslu á að samræmda lokaprófið í íslensku verði samið með hliðsjón af markmiðum nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Í aðalnámskrá grunnskóla er íslenskunámi skipt í nokkra þætti, þ.e. lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, bókmenntir og málfræði. Íslenskukennslan á að vera heildstæð þar sem lögð er áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi þeirra og eðlilega stígandi í náminu. Hópurinn leggur áherslu á að lokamarkmið, áfangamarkmið og þrepamarkmið íslensku verði höfð að leiðarljósi við samningu samræmda prófsins í íslensku á næstu árum, að svo miklu leyti sem unnt er að prófa markmiðin á skriflegu prófi. Einkum skal horfa á áfangamarkmið í íslensku við lok 10. bekkjar, bls. 62-65 og þrepamarkmið í íslensku fyrir 10. bekk bls. 76-82. Hingað til hefur framkvæmdaaðili prófanna árlega sent skólum bréf til íslenskukennara með lista yfir námsþætti, prófatriði og einstök hugtök. Ekki er talin þörf á slíkum fyrirmælum um uppbyggingu samræmda prófsins, nægjanlegt sé að vísa beint á markmið aðalnámskrár, bæði áfanga- og þrepamarkmið. Hins vegar er eðlilegt að framkvæmdaaðili sendi skólum yfirlit yfir hlutfallslegt vægi prófþátta í stórum dráttum. Hópurinn gerir sér grein fyrir því að ekki er hægt að prófa úr öllum þáttum aðalnámskrár á skriflegu þriggja tíma prófi.

3.2 Ekki verði prófað úr lesnum bókmenntum á samræmdu lokaprófi í íslensku. Þess í stað verði lestur og lesskilningur prófaður á samræmdum prófum með fjölbreyttum verkefnum sem byggjast á margs konar efniviði, m.a. stuttum ólesnum bókmenntatextum. Námsgagnastofnun verði falið að leita tilboða hjá útgáfufyrirtækjum á hentugum skólaútgáfum af bókmenntaverkum til að auka framboð á bókmenntaefni sem nýta má til kennslu og skólaprófa á grunnskólastigi.

Vinnuhópurinn ræddi ítarlega um lesnar bókmenntir á samræmdu prófi og hvernig staðið hefur verið að ákvörðunum um lesnar bókmenntir undanfarin ár. Ráðherra hefur á hverju ári ákveðið hvaða bókmenntaverk eru til prófs og hefur í því sambandi verið haft samstarf við Samtök móðurmálskennara. Samtökin hafa hingað til eindregið lagst gegn því að hætt verði að prófa úr lesnum bókmenntum á samræmdum prófum í íslensku í 10. bekk og fram hafa komið ákveðnar efasemdir um samræmt próf í lesnum bókmenntum, m.a. vegna þess að ekki er hægt að forprófa spurningarnar. Einnig er erfitt að semja gott og hentugt bókmenntapróf úr ákveðnum verkum mörg ár í röð í samræmi við markmið aðalnámskrár og kröfuna um hlutlæg, réttmæt og áreiðanleg próf. Því er eðlilegt að þess í stað verði prófað úr lesnum bókmenntum á skólaprófum í samræmi við markmið aðalnámskrár grunnskóla sem nánar eru útfærð í skólanámskrám einstakra skóla. Þannig geta skólar betur komið til móts við ólíkar forsendur nemenda, getu og áhuga, en með núverandi fyrirkomulagi þar sem allir nemendur lesa sömu bókmenntaverkin til prófs. Margir aðrir hafa einnig lagst gegn því að prófa úr lesnum bókmenntum á samræmdu prófi og nægir t.d. að nefna greinar í Skímu (1. tbl, 1997).

Rík hefið er fyrir því hér á landi að prófa úr lesnum bókmenntum á samræmdu prófi, bæði á meðan landspróf miðskóla voru lögð fyrir og einnig eftir að samræmdu prófin voru tekin upp 1977. Áður fyrr tíðkaðist einnig að prófa úr lesnum ljóðum en slíkt hefur aldrei verið gert eftir að samræmdu prófin voru tekin upp. Iðulega hefur bæði verið prófað úr fornsögu, langoftast Gísla sögu Súrssonar, og nútímaskáldsögu. Hvað varðar nútímabókmenntir hefur verið prófað með ýmsum hætti, bæði hefur verið um val að ræða um nokkrar bækur eða ákveðna bók sem allir hafa lesið. Síðustu þrjú árin hefur verið val um Gísla sögu Súrssonar og Grettis sögu, en allir hafa lesið Engla alheimsins eftir Einar Má Guðmundsson. Ráðherra hefur ákveðið að prófað verði úr þessum bókmenntaverkum á samræmdu prófi í íslensku vorið 2000.

Hópurinn ræddi ýmsa möguleika á fyrirkomulagi bókmenntahluta samræmda prófsins, t.d. að halda óbreyttu kerfi, fjölga lesnum bókmenntum, prófa aðeins úr einni bók, hafa val um nokkrar bækur en nemendur svari spurningum úr einni bók á prófinu, breyta prófspurningum eða breyta vægi bókmenntahlutans. Hópurinn var sammála um að núverandi fyrirkomulag væri slæmt, sérstaklega hvað varðar spurningar úr Englum alheimsins og vanda sem prófsemjendur standa frammi fyrir að semja nýjar spurningar úr Gísla sögu sem verið hefur nánast samfellt til prófs í rúma tvo áratugi.

Hópurinn leggur til að eftir 2000 verði ekki prófað úr lesnum bókmenntum á samræmdu prófi, en skólum falið að meta bókmenntalestur nemenda í ljósi markmiða aðalnámskrár grunnskóla og nota til þess hentug bókmenntaverk af ýmsu tagi. Námsgagnastofnun verði falið að leita tilboða hjá ýmsum útgáfufyrirtækjum á hentugum

ódyrum skólaútgáfum af ýmsum bókmenntaverkum til að auka fjölbreytni bókmenntaverka í skólabúningi. Með því móti má auka bókakost skólanna þannig að auðveldara verði að bjóða upp á fjölbreytta bókmenntakennslu á unglíngastigi.

Hópurinn telur margt vinnast með því að hætta að prófa úr lesnum bókmenntum á samræmdum prófum. Í fyrsta lagi er ráðherra ekki settur í þá stöðu að ákvarða ákveðið lesefni til prófs, en slíkt getur verið erfitt, m.a. með tilliti til hagsmuna ákveðinna útgáfufyrirtækja. Í öðru lagi getur framkvæmdaaðili þá forprófað alla þætti prófsins. Í þriðja lagi geta kennarar valið sjálfir hentugar bókmenntir til að ná markmiðum aðalnámskrár í 10. bekk og í fjórða lagi skapast nýir möguleikar og svigrúm til að prófa nemendur á samræmdum prófum í margvíslegum lestrar- og lesskilningsmarkmiðum aðalnámskrár og bókmenntatengdum markmiðum sem byggja á lestri ólesinna texta í prófinu. Í fimmta lagi leysist af sjálfu sér það ágreiningsefni hvers eðlis spurningar eiga að vera úr lesnum bókmenntum á samræmdum prófum, en vinnuhópurinn telur óheppilegt að prófa úr bókmenntaverkum með þeim hætti sem nú er gert á samræmdum prófum, þ.e. kanna hversu vel nemendur muna einstaka atburði, persónueinkenni og tilsvör. Að mati hópsins hefur bókmenntaþátturinn verið hvað mest gagnrýniverður af öllum þáttum prófsins, bæði vegna allra þeirra smáatriða sem spurt er um og sundurlaus atriði sem tengjast bókmenntaverkunum.

Loks telur hópurinn hæpið að skylda alla nemendur til að lesa ákveðin bókmenntaverk fyrir samræmt próf sem verður valfrjálst fyrir nemendur frá árinu 2001, í samræmi við breytingar á grunnskólalögum frá 1999. Þá þurfa kennarar hvort sem er að hafa önnur bókmenntaverk á boðstólum fyrir þá nemendur sem ekki velja að taka samræmt próf.

3.3 Samræmda prófið byggir einkum á viðfangsefnum út frá margvíslegum textum. Megináhersla verði á að meta almenna þekkingu og færni nemenda í ýmsum þáttum íslensku og að þeir beiti kunnáttu sinni í málfræði og stafsetningu.

Eins og áður hefur komið fram er í nýrri aðalnámskrá grunnskóla lögð áhersla á heildstæða íslenskukennslu með áherslu á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna og að nemendur beiti málinu á margvíslegan hátt í ræðu og riti. Hópurinn leggur því til að samræmda prófið taki mið af þessum áherslum aðalnámskrár grunnskóla og viðfangsefnin á prófinu byggist á nokkrum meginviðfangsefnum í stað sundurlausra verkefna um einstök hugtök eða þekkingu á afmörkuðum atriðum. Því verði horfið frá því að hafa afmarkaða þætti í prófinu, frekar nokkur mismunandi meginstef sem fela í sér margvísleg úrlausnarefni sem nemendur leysa í ákveðnu samhengi út frá ólesnum textum.

Lagt er til að prófið verði að stofni til byggt á nokkrum mismunandi textum sem líklegt er að höfði til nemenda. Um verði að ræða stutta ólesna bókmenntatexta í bundnu og óbundnu máli frá ýmsum tímum, texta um málefni líðandi stundar og ýmiss konar nytjatexta. Með textunum er einnig æskilegt að fylgi skýringar á myndrænu formi, í töflum eða kortum þannig að verkefni gefi tilefni til að reyna á margvíslegan lestur, t.d. nákvæmnislestur, yfirlitslestur og leitarlestur. Einnig geta fylgt til skýringar textar úr handbókum og orðabókum þar sem reynir á notkun hjálpargagna.

Með textunum verði hægt að prófa t.d. hlustun, lesskilning af ýmsu tagi, málfræði, ritun, stafsetningu og almenna málnotkun. Einnig er hægt að prófa þekkingu nemenda á bókmenntahugtökum með stuttum ólesnum bókmenntatextum í bundnu og óbundnu máli.

3.4 Ákveðinn sveigjanleiki verði í uppbyggingu samræmda prófsins milli ára.

Hópurinn leggur áherslu á að hugað sé að mati á sem flestum markmiðum og þáttum aðalnámskrár grunnskóla, en ekki þurfi endilega að prófa þá alla á hverju ári, t.d. stafsetningu, ritun, hlustun, lesskilning, læsi almennt og málfræði. Ekki er nauðsynlegt að gefa upp nákvæmt vægi einstakra þátta fyrirfram þar sem þættirnir eiga að fléttast saman með eðlilegum hætti í verkefnunum og reyna á almenna kunnáttu, skilning og færni nemenda.

Höfundar prófsins verða hins vegar að gæta þess að innbyrðis vægi einstakra markmiða aðalnámskrár sé eðlilegt. Höfundar prófsins hafi ákveðinn sveigjanleika til breytinga á vægi þátta og áherslum milli ára. Uppbyggingin verði einnig sveigjanleg milli ára, einungis verði gerðar kröfur um viðfangsefni í anda aðalnámskrár grunnskóla. Engar ákveðnar námsbækur eða bókmenntaverk liggi til grundvallar.

3.5 Samræmda prófið byggist á fjölbreyttum tegundum spurninga, t.d. fjölvalsspurningum, rétt-rangt spurningum, ritunarverkefnum og verkefnum sem reyna á málnotkun

Vinnuhópurinn telur æskilegt að nota sem flestar tegundir spurninga á samræmda prófinu í íslensku. Eðlilegt er að nýta kosti fjölvalsspurninga þar sem það á við, og rétt-rangt spurningar, t.d. við lausn lesskilningsverkefna af ýmsu tagi og þegar leitað er að ákveðnum þekkingaratriðum. Hins vegar er mikilvægt að nemendum gefist kostur á að sýna hæfni sína í málnotkun með ýmsum verkefnum þar sem reynir á notkun málsins í ólíku samhengi, bæði með stuttum svörum og lengri ritunarverkefnum. Brýnt er að leita ritunarverkefna sem höfða til nemenda og gefa þeim jafnframt kost á að tjá eigin skoðanir, hugmyndir og reynslu.

Mikilvægt er að vanda sérstaklega til matsreglna þegar um málnotkunar- og ritunarverkefni er að ræða til að matið verði sem hlutlægast. Prófið verður þannig að taka til almennra þekkingarmarkmiða aðalnámskrár, skilningsmarkmiða og færnimarkmiða.

3.6 Hjálpargögn verði ekki leyfð í samræmda prófinu en aukin áhersla verði lögð á verkefni sem byggjast á notkun ýmissa gagna, t.d. orðabóka og verkefni þar sem reynir á hæfni til að túlka upplýsingar af ýmsu tagi.

Vinnuhópurinn ræddi ítarlega um hvort heppilegt væri að leyfa notkun réttritunarorðabóka í prófinu eða ákveðnum þáttum þess, t.d. stafsetningu og málfræði, og fór yfir ýmsar hugmyndir sem fram hafa komið um notkun hjálpartækja við réttritunarhluta prófins. Ýmsar efasemdir komu fram í hópnum um þetta mál, bæði beint hvað varðar framkvæmdina og einnig hugmyndafræðina að baki. Bent var á að ef notkun réttritunarorðabókar yrði leyfð í prófinu yrði að tryggja að allir nemendur hefðu aðgang að slíkum bókum og einnig áreiðanlegri orðabók. Gefa yrði skólum ákveðinn aðlögunartíma og einnig þyrfti helst að gefa út nýja réttritunarorðabók í þessu skyni. Einnig komu fram efasemdir um gagnsemi þess fyrir nemendur að hafa slíka bók í prófinu. Líklegt er að margir grunnskólanemendur, einkum þeir sem standa höllum fæti, noti það mikinn tíma í leit í orðabók að það komi niður á öðrum þáttum prófsins. Því leggur hópurinn til að notkun stafsetningarorðabókar eða annarra hjálpartækja verði ekki leyfð í íslenskuprófinu þótt stefna megi að því sbr. aðalnámskrá grunnskóla. Þess í stað verði skólar hvattir til að leyfa nemendum að nota slík hjálpargögn við lausn skólaverkefna og skólaprófa, enda er það í anda nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.

Hópurinn leggur hins vegar til að sum verkefni prófsins verði byggð þannig upp að hægt verði að láta reyna á hæfni nemenda til að nýta upplýsingar úr handbókum eða orðabókum eða öðrum gagnasöfnum, þ.e. með því að birta sýnishorn úr slíkum ritum í prófinu sjálfu. Þannig verði að nokkru leyti hægt að meta kunnáttu nemenda í að nýta hjálpargögn án þess að leyfa formlega notkun slíkra gagna í prófinu.

4. Helstu heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. 19989. Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. Febrúar 1999. Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska. Mars 1999. Menntamálaráðuneytið.

Endurskoðun aðalnámskrár 1996-1998. Markmið móðurmálskennslu í grunnskólum og framhaldsskólum. Skýrsla forvinnuhóps á námssviði móðurmáls. Júní 1997. Menntamálaráðuneytið.

Enn betri skóli. Þeirra réttur – okkar skylda. Grundvöllur endurskoðunar aðalnámskrár. Apríl 1998. Menntamálaráðuneytið.

Inga Úlfsdóttir, Finnbogi Gunnarsson, Amalía Björnsdóttir og Júlíus K. Björnsson. Október 1998. *Gerð og framkvæmd samræmdra prófa. Kynning á aðferðum og vinnulagi.* Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Lög um grunnskóla 66/1995 og lög um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum (1999).

Málþing um álitamál tengd samræmdum prófum, Grand hótél, 5. mars 1999. (Skrifleg samantekt).

Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum, nr. 516/1996.

Samræmd próf frá fyrri tíð.

Samræmd próf frá öðrum löndum, einkum Noregi og Danmörku.

Skýrsla um samræmdu prófin 1997. 1998. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Ýmis gögn frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Ýmsar greinar um hvort prófa eigi úr lesnum bókmenntum á samræmdum prófum. *Skíma,* 1. tbl. 1997.